

Tvær umsagnir bárust þar sem annars vegar var bent á að matsviðmiðin væru of almennt orðuð og hins vegar gerð athugasemd við tilgang viðmiðanna þar sem sagði að skólum yrði skylt að nota viðmiðin við mat á námi nemenda. Ákvörðun ráðuneytisins var að bregðast við síðari athugasemdinni og orðalagi breytt þannig að viðmiðin skulu vera leiðbeinandi fyrir skóla. Breytingin verður auglýst í Stjórnartíðindum og netútgáfu aðalnámskrár grunnskóla breytt þannig að matsviðmiðin munu birtast í nýjum kafla númer 27.